

---

## Minnisblað

Dagsetning: 29. júní 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

---

### Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi aðgerðir gegn COVID-19.

---

Frá því að skimanir fyrir COVID-19 á landamærum voru teknar upp þ. 15. júní sl. hafa um 17.500 ferðamenn komið hingað til lands og sýni tekin frá um 12.500 einstaklingum. Virk smit hafa fundist hjá fjórum einstaklingum og hafa þeir verið settir í einangrun. Einn þessara einstaklinga sem kom frá Bandaríkjunum náði að smita fjóra einstaklinga og hafa rúmlega 400 einstaklingar verið settir í sóttkví eftir smitrakningu. Þessi einstaklingur greindist ekki með veiruna við skimun á landamærum. Enginn er alvarlega veikur.

Þannig má segja að ákveðið bakslag hafi komið í COVID-19 faraldurinn hér á landi á sl. dögum en það var ekki óviðbúið. Því hefur alltaf verið haldið fram að hér myndu áfram greinast einstaka tilfelli og jafnvel litlar hópsýkingar brjótast út. Viðbrögðin við þessari hópsýkingu hafa verið eins og áður þ.e. sýnataka hjá grunuðum, einangrun smitaðra og sóttkví útsettra.

Vegna ofangreindra atvika og til að lágmarka áhættuna á því að faraldurinn nái sér á strik hér á landi þá legg ég til eftirfarandi:

1. Haldið verði áfram að skima á landamærum næstu vikurnar og a.m.k út júlí mánuð með óbreyttu sniði.
2. Á þessari stundi verði áfram leyft, að um 2.000 ferðamenn komi inn í landið að hámarki per dag. Síðar verði skoðað hvort hægt verði að auka þennan fjölda og jafnvel breyta áherslum í skimuninni.
3. Á þessari stundi verði ekki beitt sóttkví á ferðamenn en til greina komi að setja Íslendinga og ferðamenn búsetta hér á landi sem koma frá löndum með mikla áhættu á COVID-19, í sóttkví með möguleika á sýnatöku eftir 4-5 daga. Hættan á smiti frá sýktum Íslendingi er margfalt meiri en frá smituðum erlendum ferðamanni vegna útbreiddara tengslanets
4. Hámarksfjöldi einstaklinga sem nú er leyfður að komi saman er 500 einstaklingar. Lagt er til að þessi fjöldi verði óbreyttur um sinn.
5. Skemmti- og veitiningastaðir eru nú með leyfi fyrir opnun til kl. 23:00. Lagt er til að þetta verði óbreytt um sinn.
6. Áróður til almennings um einstaklingsbundnar sýkingavarnir verði eflður.

Með kveðju

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir